

**Umhverfis og auðlindaráðuneyti**  
**14 101**

**Ársreikningur 2019**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstjóðumans .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Umhverfis og auðlindaráðuneyti**

**kt. 571189-1519**

**Skuggasundi 1-3, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið er ríkisaðili í A-hluta. Verkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins varða meðal annars umhverfis- og náttúruvernd, loftslagsmál, sjálfbæra nýtingu auðlinda, skipulags- og byggingarmál, skógrækt og landgræðslu.

Ráðherra fer með yfirstjórn ráðuneytisins og ber ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum þess. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra.

Skrifstofur umhverfis- og auðlindaráðuneytisins eru fjórar samkvæmt skipuriti þess auk skrifstofu ráðuneytisstjóra; skrifstofa landgæða, skrifstofa hafs, vatns og loftslags, skrifstofa umhverfis og skipulags og loks skrifstofa fjármála og rekstrar. Þverfagleg teymi starfa auk þess þvert á skrifstofur ráðuneytisins.

Verkefni ráðuneytisins eru skilgreind í forsetaúrskurði 15/2017 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Starfsemi ráðuneytisins fellur undir málefnasvið 17 og málaflokk 50 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 742,9 milljónir og afkoma kr. 21,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 70,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 159,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Umhverfis og auðlindaráðuneytis í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Umhverfis og auðlindaráðuneytis fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Sigríður Auður Arnardóttir

Ráðuneytisstjóri

(Undirritun rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	685.300.000	643.200.000
Seld þjónusta .....	3	265.788	301.330
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	53.521.056	50.970.944
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	3.821.693	4.241.151
<b>Tekjur samtals</b>		<u>742.908.537</u>	<u>698.713.425</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	530.570.786	471.777.642
Framlög og tilfærslur .....	6	5.800.000	0
Annar rekstrarkostnaður .....	7	181.550.071	194.897.864
Afskriftir .....	8	3.821.693	4.241.151
<b>Gjöld samtals</b>		<u>721.742.550</u>	<u>670.916.657</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		21.165.987	27.796.768
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(186.963)	(197.095)
		<u>(186.963)</u>	<u>(197.095)</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<u>20.979.024</u>	<u>27.599.673</u>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	3	26.779.024	27.599.673
Rekstrartilfærslur .....		(5.800.000)	0
		<u>20.979.024</u>	<u>27.599.673</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður .....		14.473.448	13.159.641
Aðrar eignir .....		2.956.885	3.026.293
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>17.430.333</u>	<u>16.185.934</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	132.303.757	124.581.777
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		276.105	217.491
Handbært fé .....		9.224.344	629.067
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>141.804.206</u>	<u>125.428.335</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>159.234.539</u>	<u>141.614.269</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	11		
Hrein eign .....		70.664.605	51.387.608
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>70.664.605</u>	<u>51.387.608</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	804.375	11.172.416
Viðskiptaskuldir .....		9.522.532	11.430.009
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	57.846.488	45.651.004
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	20.396.539	21.973.232
<b>Skuldir samtals</b>		<u>88.569.934</u>	<u>90.226.661</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>159.234.539</u>	<u>141.614.269</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		20.979.024	27.599.673
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	3.821.693	4.241.151
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(3.821.693)	(4.241.151)
		<u>20.979.024</u>	<u>27.599.673</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur .....		(58.614)	(147.814)
Tengdir aðilar .....		(18.090.021)	(19.764.874)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		10.288.007	8.463.024
		<u>(7.860.628)</u>	<u>(11.449.664)</u>
		<u>13.118.396</u>	<u>16.150.009</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(5.066.092)	(3.690.080)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		145.000	7.477.378
		<u>(4.921.092)</u>	<u>3.787.298</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Breytingar á árslokastjöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....			
Tengdir aðilar .....		(1.702.027)	0
Fjárfestingarframlag .....		2.100.000	(51.900.000)
		<u>397.973</u>	<u>2.000.000</u>
		<u>397.973</u>	<u>(49.900.000)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		8.595.277	(29.962.693)
		<u>629.067</u>	<u>30.591.760</u>
		<u>9.224.344</u>	<u>629.067</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	0 -10%

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

## Skýringar

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.



## Skýringar

	2019	2018
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	685.300.000	645.200.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	0	(2.000.000)
Tekjufærsla fjárveitinga .....	685.300.000	643.200.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	3.821.693	4.241.151
	<b>689.121.693</b>	<b>647.441.151</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum .....	685.300.000	0	0	685.300.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>685.300.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>685.300.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	(658.520.976)	(5.800.000)	0	(664.320.976)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>26.779.024</b>	<b>(5.800.000)</b>	<b>0</b>	<b>20.979.024</b>

	2019	2018
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Ýmsar þjónustutekjur .....	229.342	301.330
	<b>265.788</b>	<b>301.330</b>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild .....	51.764.578	42.300.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	1.573.829	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	0	8.406.325
Ýmsar tekjur .....	182.649	264.619
	<b>53.521.056</b>	<b>50.970.944</b>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	418.813.260	375.501.309
Orlof, breyting .....	9.093.331	3.320.418
Launatengd gjöld .....	94.833.642	86.395.894
Starfsmannakostnaður .....	7.830.553	6.560.021
	<b>530.570.786</b>	<b>471.777.642</b>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	38,37	35,2
------------------------------	-------	------

### 6 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta .....	1.800.000	0
Rekstrartilfærslur aðrir .....	4.000.000	0
	<b>5.800.000</b>	<b>0</b>

## Skýringar

	2019	2018
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	413.873	1.876.937
Byggingarvörur, almennar .....	0	79.323
Tæki og búnaður til innréttinga .....	0	13.196
Ýmis tæki og áhöld .....	574.286	3.339.126
Orkugjafar .....	308.112	273.665
Matvæli .....	5.685.608	2.160.945
Almennar rekstrarvörur .....	388.295	156.896
Vörukaup, almenn	7.370.174	7.900.088
Kennslu- og föndurvörur .....	22.500	0
Ýmsar sérgreindar vörur .....	50.500	0
Vörukaup, sérgreind	73.000	0
Fundir, námskeið, risna .....	8.334.561	9.463.876
Ferðir, uppihald .....	29.897.411	34.505.761
Akstur .....	2.827.345	1.790.409
Sérfræðiþjónusta .....	37.360.186	31.273.836
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	188.779	179.598
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	5.962.856	4.978.637
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	2.123.077	3.173.634
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	86.694.215	85.365.751
Samningsbundin kaup og leiga .....	2.452.662	0
Afnotagjöld .....	9.388.090	10.743.283
Leigugjöld .....	54.222.176	53.347.237
Notkun véla og flutningatækja .....	226.901	50.430
Verkkaup .....	1.232.745	542.619
Kostnaðarhlutdeild .....	19.869.494	36.133.704
Áhættutap og bætur .....	0	35.510
Tryggingar, lögboðnar .....	0	18.875
Opinber gjöld .....	20.614	45.767
Tilfærslur .....	0	714.600
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	87.412.682	101.632.025
Annar rekstrarkostnaður samtals	181.550.071	194.897.864
	<b>2019</b>	<b>2018</b>
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	3.752.285	3.891.342
Farartæki og vélar .....	0	280.401
Aðrar eignir .....	69.408	69.408
	3.821.693	4.241.151

## Skýringar

<b>9 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	14.473.448	13.159.641
Aðrar eignir .....	2.956.885	3.026.293
	<u>17.430.333</u>	<u>16.185.934</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019 .....	33.981.930	3.455.297	37.437.227
Viðbætur á árinu .....	5.066.092	0	5.066.092
Selt/niðurfært á árinu .....	(784.295)	0	(784.295)
	<u>38.263.727</u>	<u>3.455.297</u>	<u>41.719.024</u>
Afskriftir 1.1.2019 .....	20.822.289	429.004	21.251.293
Selt/niðurfært á árinu .....	(784.295)	0	(784.295)
Afskrift ársins .....	3.752.285	69.408	3.821.693
	<u>23.790.279</u>	<u>498.412</u>	<u>24.288.691</u>
Staða 31.12.2019 .....	<u>14.473.448</u>	<u>2.956.885</u>	<u>17.430.333</u>

<b>10 Tengdir aðilar</b>	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>
--------------------------	-------------------	-------------------

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	132.303.757	124.581.777
	<u>132.303.757</u>	<u>124.581.777</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	804.375	11.172.416
	<u>804.375</u>	<u>11.172.416</u>

## 11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	51.387.608	23.787.935
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	(1.702.027)	0
Afkoma ársins .....	20.979.024	27.599.673
Jöfnuður 31.12. ....	<u>70.664.605</u>	<u>51.387.608</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

## Skýringar

12 Ýmsar skammtímaskuldir	31.12.2019	31.12.2018
Ógreitt orlof .....	54.654.708	45.561.377
Ógreidd laun .....	2.397.850	0
Önnur ógreidd gjöld .....	793.930	89.627
	<u>57.846.488</u>	<u>45.651.004</u>

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	17.430.333	16.185.934
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	2.966.206	5.787.298
	<u>20.396.539</u>	<u>21.973.232</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	16.185.934	5.787.298	21.973.232
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	2.100.000	2.100.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....	0	145.000	145.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	5.066.092	(5.066.092)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(3.821.693)	0	(3.821.693)
	<u>17.430.333</u>	<u>2.966.206</u>	<u>20.396.539</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 3,4 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

### 14 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga ótímabundna um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 53,6 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 31,6 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.